



Eyjafjarðarsveit
Ása Dóra Finnbogadóttir
Skólatröð 9
601 AKUREYRI

Garðabær, 23.4.2025
Málsnúmer: 202503-0031
MH/RTh

Efni: Rammahluti aðalskipulags – þróun byggðar í Vaðlaheiði 1082/2023

Vísað er til erindis Eyjafjarðarsveitar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 12. mars 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um rammahluta aðalskipulags í Vaðlaheiði.

Náttúrufræðistofnun hefur yfirfarið greinargerð vegna rammahluta aðalskipulags fyrir Vaðlaheiði og veitir eftirfarandi umsögn með áherslu á náttúru og náttúruvernd innan skipulagssvæðisins:

Stofnunin áréttar fyrri umsögn sína frá 14. febrúar 2024 um vinnslutillögu, þar sem bent var á að á skipulagssvæðinu hafi fundist fjölmargar válista- og friðaðar plöntutegundir. Þar á meðal eru friðaðar tegundir á borð við maríulykil (*Primula stricta*) sem er á válista í flokknum *í hættu* (EN), blæösp (*Populus tremula*), flæðalófót (*Hippuris tetraphylla*), rauðberjalyng (*Vaccinium vitis-idaea*), súrsmæru (*Oxalis acetosella*) og flóajurt (*Persicaria maculosa*) sem eru allar flokkaðar í *nokkurri hættu* (VU), auk eggtvíblöðku (*Neottia ovata*) í *yfirvoðandi hættu* (NT). Lögð var áhersla á að farið yrði í kortlagningu á útbreiðslu válistategunda á svæðinu áður en lengra væri haldið og að sú kortlagning færi fram þegar framangreindar tegundir eru í blóma. Jafnframt var hvatt til sérstakrar athugunar á fuglalífi á svæðinu.

Í kafla 2.1 í greinargerðinni kemur fram að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar séu helstu vistgerðir á svæðinu tún og akurlendi, skógrækt og graslendi. Einnig sé víða að finna smærri fláka af votlendi, mólendi og moslendi. Í þessu samhengi vill stofnunin vekja athygli á því að graslendi á svæðinu er mikið til samsett úr snarrótarvist, língresis- og vingulsvist, sem hafa hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast sérstakrar verndar. Þá er blómgresisvist einnig til staðar, sem hefur miðlungs verndargildi og er sömuleiðis skráð á lista Bernarsamningsins.

Þó votlendi innan svæðisins nái ekki 2 ha stærð og falli því ekki sjálfkrafa undir vernd samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd, er engu að síður um verðmætar og viðkvæmar vistgerðir að ræða, einkum starungsmýravist og runnamýravist á láglandi, sem hafa mjög hátt verndargildi, eru á lista Bernarsamningsins og flokkaðar sem forgangsvistgerðir fyrir tillögu að B-hluta náttúruminjasrár. Því væri æskilegt að halda í þær eins og kostur er.

Hafa ber í huga að vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar var unnið með fjarkönnun, sem reyndist miserfitt að greina eftir vistgerðum, og því eru upplýsingar sem kortið veitir ekki óbrigðular. Því þarf að hafa fyrirvara á um útbreiðslu vistgerða með hátt verndargildi þegar kortið er skoðað í meiri nákvæmni en mælikvarði þess leyfir. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að stuðst sé við vettvangskannanir við mat á áhrifum skipulags á náttúrulegt umhverfi.

Virðingarfyllt,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur